

náða -aði S**1**

- gefa e-m upp sakir, fella niður refsingu að nokkru eða öllu leyti
hann var dæmdur í 10 ára fangelsi en náðaður eftir nokkur ár

2

- breyta lífstíðardómi í annan mildari
hann var náðaður til fangavistar í Bláturni

3

- fyrirgefa
gud náði mig þ.e. sé mér náðugur, fyrirgefi mér

Merkingin í fyrsta lið er algeng í nútímamáli, merkingin í öðrum lið er sennilega aflögð og ætti e.t.v. að vera merkt sem slík og merkingin í þriðja lið á mörkum þess að teljast fast orðalag eða orðasamband sem erfitt er að gera sér grein fyrir ef nafnháttarskýringin ‘fyrirgefa’ stendur án dæmisins. Í þessari sögn er því erfitt að ná áttum í mismunandi merkingum án dæmanna.

Eins og áður sagði er stuðst við heimildir Orðabókarinnar í viðbótardæmum en þau eru stytta eins og þurfa þykir enda er heimildar ekki getið frekar en í bókinni. Reynt var að velja orð í dæmum þannig að fallstjórn kæmi ótvírætt í ljós en talsvert er um það í bókinni að svo sé ekki. Dæmum á borð við *skipið rekur* (þf.) var því breytt í *bátinn rekur* þar sem heimildirnar dugðu til en nokkuð er um tvíræð dæmi um sjaldgæfar sagnir í bókinni sem virðast upprunnin úr talmálssafni Orðabókarinnar. Reynt var að leita annarra heimilda til að taka af vafa um fallstjórn eftir föngum en það tókst ekki alltaf.

Setningargerðarhausar, setningargerðardæmi og raunveruleg dæmi eru notuð eftir því sem þurfa þykir í hverri sögn, eins og áður sagði, en hér er að lokum dæmi um sögn þar sem munurinn á þessu þrennu kemur vel fram:

<p>krjúpa kraup, krupum, kropið S</p> <p>1</p> <ul style="list-style-type: none"> • leggjast á kné <i>krjúpa við altari</i> <i>krjúpa fyrir e-m</i> • krjúpa e-m knékrjúpa e-m, auðmýkja sig fyrir e-m með bænnum e.þ.h. <p>2</p> <ul style="list-style-type: none"> • skríða <i>krjúpa inn undir borð</i> 	<p>(raunverulegt dæmi) (setningargerðardæmi) (setningargerðarhaus)</p> <p>(raunverulegt dæmi)</p>
---	---

4.2 Agnir og önnur smáorð

Eins og fram kemur í kafla 3.1 hér að framan er nauðsynlegt að brjóta langar orðsgreinar upp í styttri einingar til þess að yfirsýn náist yfir þær á skjánum. Lengstu orðsgreinar í verkinu eru yfirgripsmestu sagnirnar en einkenni á þeim er mikill fjöldi sagnasambanda sem eru merkingarbærar einingar í orðasafninu og krefjast því sjálfstæðra skýringa. Í bókinni er þetta leyst með stafrófsröðuðum sagnasamböndum aftast í orðsgrein en á

skjánum birtist listi um undirflettur og samböndin fremst í sögninni sem leita má að, eins og sagt er frá hér að framan (sjá kafla 3.1.2). Sagnasamböndin eru af ýmsu tagi og tiltölulega frjálsllega skilgreind þannig að agnarsögnum og sögnum með forsetningarliðum og atviksorðum er raðað í stafrófsröð eftir smáorðunum án þess að notandanum sé ætlað að þekkja muninn þar á. Hann smellir einfaldlega á leitarstreng sem er í tveimur hlutum, sögn og smáorð, án þess að þurfa að tilgreina setningargerð.

Leitarstrengir fyrir sagnasamböndin eru tvískiptir, þ.e. sögn og smáorð, en síðari hlutinn getur verið fleiryrtur, t.d. *aftan í, aftur úr, bak við, yfir um og upp á milli*. Síðari hlutar leitarstrengjanna í 3. útgáfu eru þessir:²⁸

að	fram hjá	í gegn	ofan úr	uppi í
af	fram í	í gegn	ofan yfir	utan
aftan í	fram undan	í gegnum	saman	utan að
aftan úr	fram undir	í kring	saman með	utan af
aftur	fram úr	í kringum	saman um	utan á
aftur af	fram yfir	í milli	saman við	utan hjá
aftur á	framan á	í móti	sundur	utan í
aftur úr	framan í	í sundur	til	utan með
á	framan úr	í við	til baka	utan um
á bak	frammi	kringum	til í	utan undir
á bak við	frá	með	til með	utan úr
á brott	fyrir	milli	til við	úr
á burt	fyrir framan	móti	um	úr við
á eftir	fyrir um	neðan	um fyrir	út
á með	gegn	neðan við	umfram	út af
á milli	gegnum	niðri	undan	út af við
á mis	heim	niður	undir	út á
á móti	heima	niður af	undir í	út frá
á um	hjá	niður á	upp	út í
á við	inn	niður fyrir	upp að	út til
áfram	inn á	niður í	upp á	út um
án	inn í	niður um	upp á milli	út undan
ásamt	inn með	niður úr	upp eftir	út undir
bak við	inn um	niður við	upp fyrir	út úr
brott	inn undir	nær	upp hjá	út yfir
burt	innan	nærri	upp í	úti
burtu	innan í	of	upp með	úti
eftir	innan úr	ofan	upp til	úti um
fjarri	innar	ofan af	upp undir	úti við
fram	inni	ofan á	upp úr	við
fram af	í	ofan fyrir	upp við	yfir
fram á	í brott	ofan í	uppi	yfir um
fram fyrir	í frammi	ofan um	uppi á	

²⁸Stundum eru gefin afbrigði í leitarstrengjunum, t.d. *kenna + niður (niðri)* og *káma + upp(i)*. Afbrigðunum er sleppt í listanum hér.

Þegar smellt er á einhvern leitarstrengjanna birtast sagnasamböndin með því smáorði á skjánum með rökliðum sem settir eru fram á sama hátt og í setningargerðarhausunum sem lýst er í kafla 4.1.1 hér að framan. Hvert sagnarsamband er því sjálfstæð uppflettieining á sama hátt og setningargerðarhausarnir og birtist með sama lettri og lit á skjánum og þeir, þ.e. með skærbláu feitlettri. Röðin á sagnasamböndum innan hvers smáorðs er ekki fastbundin fremur en önnur röð á skýringum í *ÍO* en sú vinnuregla er viðhöfð að hafa almennustu setningargerð fremst á svipaðan hátt og í bókinni, t.d. þannig að ópersónuleg notkun er venjulega aftast. Röðin í *taka + fyrir* hér á eftir er nokkuð dæmigerð; þar er sögnin áhrifslaus með forsetningarlið fremst (*taka fyrir e-ð*), þá er áhrifssögn með ögn (*taka e-n fyrir* og *taka e-ð fyrir*) og síðan áhrifssögn með forsetningarlið með afturbeygðu fornafni. Aftast eru síðan tvö sambönd þar sem frumlagið er ekki [+lifandi], þ.e. *e-ð tekur fyrir e-ð* og *það tekur fyrir e-ð* (ÓP):

taka + fyrir

taka fyrir e-ð

- 1 láta e-ð ekki viðgangast lengur, afnema, hindra e-ð
- 2 **taka [þvert] fyrir e-ð** (þver)neita e-u, fortaka e-ð
- 3 **taka [greiðslu] fyrir e-ð** þiggja greiðslu fyrir e-ð

taka e-n fyrir

- 1 taka e-n til meðferðar, setjast að e-m (á e-n)
- 2 lögfræði/félagsfræði taka e-n til yfirheyrslu

taka e-ð fyrir

- 1 taka e-ð á dagskrá (t.d. mál fyrir rétti)
- 2 fara að vinna að e-u, leggja e-ð fyrir sig

hún tók lögfræðina fyrir

taka e-ð fyrir sig

taka fyrir sig verk

e-ð tekur fyrir e-ð

sandrokið tók fyrir sólu

það tekur fyrir e-ð

þá tók fyrir ásóknina þá hætti ásóknin

þá tók fyrir sjóróðra þá hættu veiðar (vegna ótíðar)

Þar sem sagnarsamböndunum er safnað saman aftast í orðsgrein um hverja sögn óháð merkingarlýsingu í meginmáli og raðað þar í stafrófsröð eftir smáorðum geta tengslin milli merkingarlega samstæðra fyrirbæra rofnað en við því er brugðist með millivísunum.²⁹ Þær tengja saman sagnarsambönd sem eru sömu merkingar innan hvers uppflettiorðs, t.d. þar sem afbrigði eru í notkun forsetninga eins og í *kalla (á) eftir e-m*:

kalla á eftir e-m → kalla eftir e-m

...

kalla eftir e-m, kalla á eftir e-m hrópa til e-s sem er að fara

²⁹Í bókinni er reyndar alveg undir hælinn lagt hvort slík tengsl koma fram þar sem samböndunum er ýmist komið fyrir í meginmáli eða í stafrófsróðuðum lista aftast, jafnvel þannig að sama sambandið er haft á tveimur stöðum og m.a.s. stundum með tveimur skýringum.

Er þá skýringin aðeins höfð á einum stað og vísað þangað úr öllum afbrigðum. Jafnframt eru öll afbrigðin sýnd þar sem skýring er eins og í sögninni *klípa* þar sem fjögur afbrigði eru af sagnarsambandi:³⁰

klípa + af

klípa af e-u → klípa utan af e-u

klípa + utan af

klípa utan af e-u, klípa utan úr e-u, klípa af e-u, klípa úr e-u taka af e-u, minnka e-ð, draga úr e-u

klípa ekki utan af orðum sínum segja e-ð fullum fetum, kveða fast að orði

klípa + utan úr

klípa utan úr e-u → klípa utan af e-u

klípa + úr

klípa úr e-u → klípa utan af e-u

Sami háttur er hafður á þar sem vísa þarf á milli sagnarsambands og setningargerðarhauss, t.d. þar sem sögn og andlag hefur sömu merkingu og sögn og forsetningarliður eins og í *fala e-ð* sem er sömu merkingar og *falast eftir e-u* en þarna er vísað úr germýndinni yfir í miðmyndina. Eins er farið með vísanir á milli sagnarsambands og orðasambands sem eru sömu merkingar, eins og hér er sýnt:

syngja + til

syngja e-n til moldar → syngja yfir e-m

...

syngja + yfir

syngja yfir e-m, syngja e-n til moldar jarðsyngja e-n

Litir í millivísunum skila sér ekki hér en öll orðasambönd á disknum eru dökkrauð og millivísanir í þau líka. Millivísanir í setningargerðarhausa og sagnasambönd eru í skærbláum lit en millivísanir í undirflettur eru með svörtu feitlettri. Með þessu móti sést í sjónhendingu í hvers kyns fyrirbæri er vísað. Millivísanir af þessu tagi eru ekki aðeins notaðar með sagnarsamböndunum heldur er sami háttur hafður á í vísunum milli setningargerða. Vísanir milli afturbeygðrar sagnar og miðmyndar eru t.d. algengar enda er merkingin oft sú sama eins og í sögninni *bragga(st)*:

³⁰Sú undantekning er gerð að afbrigði sem ekki þykir vera gott mál er ekki sýnt þar sem skýringin er og athugasemd um málnotkun er látin fylgja:

e-r kennir til

! e-r finnur til sársauka

ég kenni til í fætinum

...

e-n (e-m) kennir til ÓP !? (ópersónuleg notkun með *mig* eða *mér* í stöðu aukafallsfrumlags er allaleng en ekki talin gott mál) → e-r kennir til

bragga sig → braggast

...

braggast MM

- ná sér, fitna, hressast, þroskast, þrífast
ærnar fitna og braggast

Það að gera sagnarsambönd og setningargerðir að uppfllettieiningum með sjálfstæðum skýringum þjónar þeim tilgangi að brjóta orðabókartextann upp í smærri einingar sem hægt er að fá yfirsýn yfir á skjánum, eins og lögð hefur verið áhersla á hér að framan. Í löngum orðsgreinum veitir ekki af og til dæmis um það má nefna að í sögninni *taka* eru 26 sjálfstæðir liðir eða orðabókareiningar (sagnarsambönd og undirskipuð orðasambönd) sem settir eru upp undir sagnasamböndum með smáorðinu *upp*. Þar af eru sex merkingar um *taka e-ð upp*, sbr. *taka upp nýjan sið*, *taka upp kartöflur*, *taka e-ð upp aftur* (þ.e. ‘endurtaka e-ð’), *taka upp útvarpsþátt* o.s.frv. Segja má að sagnasambönd af þessu tagi (þ.e. agnarsagnir) séu sjálfstæð les enda verða þau ekki skýrð nema sem heild.³¹

4.3 Aðrar breytingar á sagnlýsingunni

Þær breytingar á sagnlýsingunni í 3. útgáfu *ÍO* sem hér hefur verið lýst eru kerfisbreytingar sem gerðar hafa verið frá 2. útgáfu og byggjast á því að rökliðir sagna eru settir fram sem hluti uppfllettieininganna, ýmist í setningargerðarhausum eða forsetningarliðum. Ýmsar lagfæringar voru einnig gerðar á orðabókartextanum en talsvert ósamræmi kom í ljós þegar farið var að bera saman uppsetningu á sambærilegum sögnum í gagnagrunninum. Þetta misræmi er af ýmsu tagi og verður nú greint frá helstu atriðum sem í ljós komu en mikið verk er enn óunnið í samræmingu á þessu efni.

4.3.1 Lagfæringar á skýringum

Í gagnagrunni er auðvelt að skoða orð sem hafa sameiginlegan orðhluta en við slíka athugun koma víða fram ósamstæðar skýringar milli skyldra flettiorða, svo sem í grunn-sögn og samsettum sögnum sem myndaðar eru af henni. Ekki var markvisst leitað að slíku efni en talsvert var samt lagfært og þá jafnvel bætt inn flettiorðum þar sem þau vantaði í bókina, t.d. orðum sem notuð voru í skýringum á samstofna orðum. Sem dæmi um þetta má nefna sögnina *skammkala* en skýringin við hana í bókinni er *skaðkala* sem ekki er uppfllettiorð þar. Þarna var skýringin við fyrra orðið lagfærð (‘e-n kelur illa’) og síðara orðinu bætt við með samheitinu *skammkala*. Skýringarorðaforðinn í verkinu og samhengið á milli skýringa í tengdum orðum er reyndar meðal þess sem athuga þarf sérstaklega en talsvert er um hringskýringar í verkinu og einnig er fjöldi orða sem ekki eru uppfllettiorð notuð í skýringum. Sjálfur skýringarorðaforðinn er í raun sérstakt rannsóknarefni en hann virðist í raun óheftur, m.a.s. þannig að fornyrði og sjaldgæf orð

³¹ Ekki eru þó öll smáorð með sögnum í 3. útgáfu sett upp með þessum hætti en eins og fram kemur í kafla 4.1.2 hér að framan er talsvert um setningargerðardæmi með sagnarsamböndum í verkinu, t.d. *krauma yfir (undan) e-u*. Þessari aðferð er beitt þegar fjölbreytni í sagnasamböndum er mikil og heppilegra þykir að setja þau fram sem dæmi en sem hausa.

eru notuð í skýringum án þess að þess sé getið sérstaklega.³² Þótt skýringar á sögnum í bókinni hafi verið lagfærðar hér og þar eru þær að stofni til óbreyttar frá 2. útgáfu og bíða gagngerðrar endurskoðunar.

4.3.2 Orðasambönd

Hending virðist ráða því undir hvaða uppflettiorði orðasamböndum er komið fyrir í bókinni og einnig er ósamræmi í uppsetningu þeirra. Þannig er sama orðasambandið stundum bæði undir nafnorði og sögn, jafnvel með tveimur skýringum og mismunandi uppsetningu. Þá eru dæmi um að tvö algjörlega sambærileg orðasambönd (þ.e. með sömu lykilorðum) sé að finna á tveimur stöðum, annað undir nafnorði og hitt undir sögn en munurinn getur verið fölginn í setningargerðinni einni. Í svona tilvikum fengi notandinn mun betri yfirsýn ef orðasamböndin væru á sama stað þar sem yfirleitt er ekki vísað á milli orða í svona tilvikum. Í tölvuútgáfunni var sú stefna tekin að færa orðasambönd úr sögnum í nafnorð eða lýsingarorð ef þess var kostur, sérstaklega úr fyrirferðarmestu sögnunum þar sem orðasambandafjöldinn getur orðið gífurlegur. Þetta var gert með það fyrir augum að sameina skylt efni en í mörgum tilvikum væri best að setja orðasamböndin upp sem sjálfstæðar orðabókareiningar með millivísunum í viðeigandi uppflettiorð, eins og Jón Hilmar Jónsson hefur margsinnis bent á í skrifum sínum (sjá t.d. grein í þessu riti). Uppsetningu orðasambanda í verkinu hefur því ekki verið breytt í grundvallaratriðum en reynt hefur verið að samræma uppsetningu og skýringar eftir því sem kostur var.

4.3.3 Uppflettimyndir

Í kafla 2.1.2 hér að framan um hefðina í uppsetningu uppflettimynda í orðabókum kemur fram hve fastar viðteknar venjur eru, þ.á m. sú venja að setja sagnir alltaf upp í nafnhætti og germynd. Notkun setningargerðarhousa leysir eitt vandamál í sagnlýsingunni sem af þessu stafar, vandamálið sem felst í því að setja skýringarnar alltaf fram í samræmi við uppflettiorðið blankt, þ.e. sem nafnháttarskýringar. Eftir stendur sá vandi sem upp kemur þegar notkun uppflettiorðsins er bundin við aðrar myndir en hefðbundna uppflettimynd, t.d. þar sem lýsingarhættirnir einir eru notaðir eða þar sem miðmynd er ráðandi en germynd mjög sjaldgæf. Við þessu er brugðist með því að slaka á kröfunum um hefðbundnar uppflettimyndir, t.d. með því að gera lýsingarhætti að sjálfstæðum uppflettiorðum. Í stað sagnarinnar *stighækka* er því haft uppflettiorðið *stighækkandi* o.s.frv. Efni af þessu tagi var lagfært eftir því sem kostur var um leið og formi sagnanna var breytt en hér er þó enn veruleg vinna óunnin og bíður hún gagngerðrar endurskoðunar á merkingarlýsingunni í verkinu.

³²Stutta úttekt á orðaforðanum í skýringum í *ÍO* 1983 er að finna í greininni „Orðaforði í skýringum“ (Kristín Bjarnadóttir 1998).

5 Að lokum

Í þessari grein hefur verið lýst þeim grundvallarmun sem er á framsetningu orðabókarlýsingar á diskum annars vegar og bók hins vegar. Megináhersla hefur verið lögð á takmarkanir sem felast í viðmótinu sem blasir við notandanum og vandamál sem því tengjast. Niðurstaðan er sú að í bók sé takmörkunin í aðalatriðum fólgin í heildarefnismassanum en á diskum er vandamálið framsetning efnisins í nægjanlega litlum einingum til þess að yfirsýn náist.

Mikilvægasta breytingin sem gerð er á sagnlýsingunni við flutning orðabókartextans úr 2. útgáfu *ÍO* á disk er að mínu mati sú að gera setningargerð sagnarinnar að lykli að orðabókartextanum, þ.e. að sjálfstæðri orðabókareiningu. Með því er gengið út frá því að rökliðir sagnarinnar séu óaðskiljanlegur hluti af orðabókarlýsingunni en með því má e.t.v. segja að stigið sé skref í átt til þess að færa orðabókarlýsingu nær hugmyndum manna um uppbyggingu orðasafnsins og er þá átt við orðasafnið sem hluta málkerfisins. Þar sem nýi miðillinn gefur kost á ýmsum möguleikum er mjög áhugavert að velta fyrir sér hugmyndum um það hverjar þær upplýsingar eru sem hver málnotandi þarf að geyma í kalli sér til þess að geta notað einstök orð. Takmarkanir á efnismassa sem einkenna hefðbundnar orðabækur eins og prentaðar útgáfur af *ÍO* verða oft til þess að merkingarlýsingin verður sá þáttur sem allt veltur á og aðrir þættir, t.d. formlegir, verða að víkja. Þessar takmarkanir eru að nokkru leyti upphafnar í nýjum miðli og þar gefst e.t.v. færi á að komast nær huglæga orðasafninu en hingað til, sérstaklega þar sem formið sjálft er býsna sveigjanlegt og kostur gefst á hljóðum, myndum o.þ.h., auk líta og framsetningar sem hér hefur verið greint frá. Síðast en ekki síst eru leitarmöguleikar margir og í framtíðinni er jafnvel hægt að hugsa sér að orðabókarnotandinn geti sjálfur skilgreint hvers konar upplýsingar hann vill fá, þ.e. að orðabókin verði sérsniðin að þörfum hvers og eins. Slíkt er að vísu mikil framtíðarmúsík!

Tölvuútgáfa *ÍO* er að mörgu leyti tilraunaverkefni. Hanna þurfti gagnagrunninn, finna vinnuaðferðir, móta framsetningu og fara yfir textann, allt í kappi við tímann. Aðalmarkmiðið var að koma textanum úr 2. útgáfu til skila þannig að hann kæmi notendum að sem bestum notum og þær nýjungar sem bryddað var upp á voru til þess ætlaðar. Hins vegar var ljóst frá upphafi að ekki gæfist tími til að fastmóta framsetningu á öllum atriðum til fulls þannig að verkið yrði að öllu leyti samræmt. Framsetning á sögnunum var t.d. í mótun nánast fram í síðasta stafkaflann og talsverður munur er á frágangi í þeim hlutum verksins sem fyrst voru unnir og í þeim síðustu. Þeir möguleikar í framsetningu sem lýst er í þessari grein eru því meginreglan í sagnlýsingunni en auðvelt er að finna afbrigði í orðabókartextanum. Við fyrirhugaða endurskoðun á orðabókartextanum, bæði skýringum og orðaforða, verður síðan tækifæri til að meta framsetninguna að nýju en kosturinn við að hafa textann í gagnagrunni er einmitt sá að verkið getur verið í stöðugri endurnýjun.

6 Heimildir

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðslurit 3. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Di Sciullo, Anna María & Edwin Williams. 1987. *On the Definition of Word*. The MIT Press, Cambridge.
- Dönsk-íslensk orðabók*. 1992. Ritstjórar: Hrefna Arnalds og Ingibjörg Johannesen. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Dönsk-íslensk orðabók*, tölvuútgáfa. 1999. Byggð á *Dansk-íslenskri orðabók*, (ritstj. Hrefna Arnalds og Ingibjörg Johannesen, 1992). Mál og menning, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1998. Málfræði í orðabókum. Hvernig og til hvers? *Orð og tunga* 4:25–32.
- Fritzner, Johan. 1883–1896. *Ordbog over det gamle norske sprog I–III*. Omarbeidet, forøget og forbedret Udgave. Kristiania.
- Gagnasöfn Orðabókar Háskólans*.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1963. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. [1. útg.]
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. Önnur útgáfa aukin og bætt. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*, tölvuútgáfa. 2000. Ritstjóri: Mörður Árnason. Edda hf., Reykjavík. [3. útg.]
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1999. *List of predicates that take a quirky subject in Icelandic*. Óprentað handrit.
- Jón Hilmar Jónsson. Ritdómur um *Íslenska orðabók*. *Íslenskt mál* 7:188–207.
- Jón Hilmar Jónsson. 1998. Glíman við orðasamböndin. *Orð og tunga* 4:17–24.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. Staða orðasambanda í orðabókarlýsingu. *Orð og tunga* 5:61–86.
- Kristín Bjarnadóttir. 1996. *Afleiðsla og samsetning* í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum. Óprentuð MA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Kristín Bjarnadóttir. 1998. Orðaforði í skýringum. *Orð og tunga* 4:33–43.
- Kristín Bjarnadóttir. 2001a. *Verbal Syntax in an Electronic Bilingual Icelandic Dictionary: A Preliminary Study*. Erindi flutt á ráðstefnu Nordisk språkråd og Nordisk forening for leksikografi á Schæffergården 20. janúar 2001a.
- Kristín Bjarnadóttir. 2001b. *Ópersónulegar sagnir*. www.lexis.hi.is
- Mörður Árnason. 1998. Endurútgáfa *Íslenskrar orðabókar*: Stefna — staða — horfur. *Orð og tunga* 4:1–8.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Svensén, Bo. 1987. *Handbok i lexikografi*. Esselte Studium & Tekniska nomenklaturcentralen, Stockholm.
- Upplýsingamiðstöð *Íslenskrar orðabókar*, <http://ord.is>. Hluti af vefsetri Eddu hf.
- Bórdís Úlfarsdóttir. 2001. Matarorð í Íslenski orðabók. *Orð og tunga* 5:121–128.

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Altan og svalir

Tökuorðið *altan* hefur á síðari árum og áratugum látið mjög undan síga fyrir norræna orðinu *svalir*. Þær húseignir sem auglýstar eru til sölu á síðum dagblaða nú um stundir hafa margar hverjar sólríkar *svalir*, en ekkert hús með *altani* hefur birst á söluskrá í háa herrans tíð. Sjálf heyrði ég ekki talað um *altan*, fyrr en ég var orðin tvítug og skildi í fyrstu ekki hvað orðið þýddi. Orðið *altan* er þó ekki með öllu horfið úr málinu. Margir sem komnir eru um og yfir miðjan aldur tala ævinlega um *altan*, þó að þeir þekki einnig vel orðið *svalir*.

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs merkir orðið *svalir* í kvk. ft. ‘pallur (venjulega með handriði) utan á húsi (stundum þak á áfastri byggingu) í svipaðri hæð og gólf e-ar efri hæðar hússins og með aðgangi frá henni; áhorfenda- eða áheyrendapallur (fyrir ofan gólfhæð), t.d. í leikhúsi eða þinghúsi’.

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) telur *svalir* komið úr germönsku, **swel-*, og þaðan af indóevrópska stofninum **swel-*, eins og orðin *svill*, *syll* og *svoli*. Hann álitur orðið upphaflega hafa merkt ‘bjálka sem pallurinn hvíldi á’, sbr. nýháþýska orðið *Schwelle* og fornháþýska *swelli*, sem merkir ‘gólfbjálki, þröskuldur’. Karlkynsorðið *svali*, ‘skeið í fjallshlíð, sylla’ er af sömu rót runnið og *svali* í miðsænsku, *svale* ‘förestuga’ í nýsænsku, og nýdönsku. Í *Politikens Nudansk ordbog* frá 1990 er orðið *svale* þó ekki að finna, en við orðið *svalegang* er þess getið á eftir skýringunni ‘på hus: overdækket udvendig gang el. udbygning åben udadtil’, að fyrri liður orðsins sé kominn af norræna orðinu *svalar* ‘bjælker’. Í norsku er til kvenkynsorðið *sval*, sem er af sömu rót runnið og merkir ‘gang, utbygg på sida av el. rundt (eldre) hus’ skv. *Nynorskordboka* og í færeysku er til karlkynsorðið *svali*, ‘altan’. Norræna orðið *svalar*, eða öllu heldur myndir þess í norrænu málunum utan íslensku, virðist vera að hverfa úr daglegum orðaforða, en orðið *altan* og *balcon* að sækja því meira á.

Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans (hér eftir ROH) eru nokkur dæmi um orðið *svalir*. Tvö elstu dæmin eru úr Guðbrandsbiblíu frá 1584:

hann mællte Veggen a Husenu / sex alna ad hæd / þar voru Sualer allaweg-
ana vtan vm kring. (Guðbr.bibl., Esekíel 41, 5)

Síðara dæmið er einnig úr Esekíel:

Yfer þessu voru enn fleire Loptsualer allt vm kring / og Sualern(ar) voru ofan til vjldare. (Guðbr.bibl., Esekíel 41, 7)

Orðið *svalir* er hér notað á sama hátt og í nútímamáli, um e.k. palla utan á húsum, þó að fyrirbærið sjálft væri enn alls óþekkt í íslenskri húsagerðarlist á 16. öld. Þessi sömu vers hafa allt annað yfirbragð í Biblíuútgáfunni frá 1981:

Þessu næst mældi hann musterisvegginn, og var hann sex álna þykkur og breidd hliðarhússins fjórar álnir allt í kringum musteríð. (Biblía 1981, Esekíel 41, 5)

Og þau urðu æ breiðari, því ofar sem þau lágu kringum musteríð, því að hliðarherbergin voru alveg upp úr hringinn í kringum musteríð. (Biblía 1981, Esekíel 41, 7)

Aðeins eitt dæmi er í ROH um *svalir* frá 18. öld. Það er að finna í kvæði eftir Þorlák Þórarinsson (1711-1773), en ljóðmæli hans voru fyrst gefin út 1775 á Hólum og endurútfegin 1836 og 1858.

Heilan vetur umliðinn, / sýkja náðu svalir þó, / sízt af létu þurviðrin. (ÞÞór. 58, 314)

Mér er til efs að Þorlákur sé að yrkja um *svalir* í merkingunni 'pallur utan á húsi', merkingin er líklega önnur og skáldlegri.

Björn Halldórsson setti saman íslensk-latnesk-danska orðabók á 18. öld og segir *svalir* vera karlkynsorð í fleirtölu, sem merki 'anogæum, pergula, contignatio, Svale, Bislag'. Önnur merking geti líka verið 'scalarium ædicalæ gradulis, en Trappe'. Þetta er eina íslenska dæmið sem ég hef rekist á, þar sem *svalir* er flokkað sem karlkynsorð, enda er norræna orðið í kvenkyni fleirtölu.

Fyrsta dæmið frá 20. öld er að finna í ritgerð Benedikts Gröndal „Reykjavík um aldamótin 1900“, sem var prentuð í *Eimreiðinni* og seinna í öðru bindi af ritsafni hans.

Framan úr húsinu standa langir plankar, drögur fyrir svalir (altan). (Ben. Grönd. bls. 479)

Þetta er jafnframt elsta dæmið um orðið *altan* sem til er í ROH og verður vikið að því nánar síðar.

Blaðamaður *Kvennablaðsins* skrifaði árið 1914 svohljóðandi lýsingu:

Geta menn fengið þar leigt eins, tveggja eða þriggja herbergja íbúðir, fylgir dálítið eldhús hverri þeirra, og fyrir utan það eru oft dálitlar svalir. (Kvennabl., 1914, bls. 68)

Í *Tímariti Verkfræðingafélags Íslands* er að finna dæmi um *svalir* frá 1933:

Að út frá dagstofunni á 1. hæð kemur stór pallur (*svalir*), og er þar mjög góður legustaður fyrir sjúklinga. (Tím.Verk. 1933, bls 59)

Þrjú önnur dæmi frá miðri 20. öld er að finna í ROH um *svalir*, öll úr skáldsögum eða ljóðum.

Nokkur dæmi eru til í ROH um *svalir* í samsettum orðum, *svaladyr*, *svalagangur*, *svalaherbergi*, *svalahurð*, *svalarið*, *svalasmíð*, *svalastútur* og *svalaprep*. Öll eru þau frá 20. öld.

Orðið *altan* er að finna í riti Gunnlaugs Oddssonar, *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. Gunnlaugur skýrir ekki orðið, en vísar til orðsins *balcon*, sem er sömu merkingar; 'hilla út úr múrveggjum með járngrindum um girdt, (til at standa á og skygnast um)'. Merking orðsins er því greinilega 'svalir', þó að Gunnlaugur noti ekki það orð, e.t.v. vegna þess að hann var fyrirbærinu ekki svo vel kunnugur, að hann hefði hugtakið á valdi sínu.

Altan er hvorki að finna í orðabók Sigfúsar Blöndals, né í orðabók Menningarsjóðs, enda danskt orð að uppruna og hefur ekki þótt góð og gild íslenska. Af því má ráða að orðið hefur aldrei náð að festa djúpar rætur í íslensku, a.m.k. ekki fundið náð fyrir augum orðabókahöfunda, ef undan er skilinn Ásgeir Blöndal Magnússon, sem gefur því rými í orðsifjabók sinni. Samkvæmt henni er *altan* hvorugkynsorð í íslensku. Hann segir orðið vera frá 19. öld, tökuorð úr dönsku, *altan*, þar sem það merki, eins og í íslensku 'svalir'. Orðið er til í dönsku, sænsku, norsku og færeysku, auk þýsku. Í dönsku kemur það úr þýsku, *Altan* 'vom Erdboden aus gestütztter balkonartiger Anbau, Söller', en orðið er leitt af ítalska orðinu *altana*, sem er komið úr latínu, *altus*, og þýðir 'hár'. Eins og fyrr segir hefur *altan* komið í stað norræna orðsins *svale* í dönsku og er nú almennt notað yfir fyrirbærið 'højt anbragt udbygning' eins og segir í *Politikens Nudansk ordbog*. Í dönsku er *altan* samkynsorð, enda er það í karlkyni í þýsku. Upphaflega virðist orðið hafa verið þriggja atkvæða í dönsku, *alitan*. Í *Ordbog over det danske sprog, Supplement* eru nefnd tvö dæmi um þennan rithátt, bæði frá seinni hluta 18. aldar, það eldra er frá 1751, en hitt frá 1772. Elstu dæmi um núverandi rithátt orðsins eru frá 1805 og 1806. Samkvæmt *Bidrag til en Ordbog over Jyske Almuesmål* frá 1886-1893 er merkingin önnur í máli íbúa Dollerup v. Hald á 19. öld; 'pulpitur i kirken', en 'kor, svale' er einnig gefin upp. Orðið *altan* er einnig notað í sænsku; 'öppen utbyggnad eller terrass på hus vilande på marken el. underliggande byggnadsdel och med räcke runtom'. Fyrstu heimildir um orðið í sænsku eru frá 1620, ef marka má *Svensk etymologisk ordbok* eftir Elof Hellquist. Í norsku er *altan* karlkynsorð og merkir samkvæmt *Nynorskordboka* 'balkong'. Skýring *Føroysk orðabók* er áþekk þeirri íslensku, 'pallur við girðing utan á húsi, svali'. Í færeysku er *altan* kvenkynsorð, ólíkt því sem er í hinum Norðurlandamálunum.

Ekki eru til mörg dæmi um orðið *altan* í ROH. Af þeim dæmum sem til eru má sjá að orðið þótti framandlegt, jafnvel torskilið, og var nokkurn tíma að vinna sér í málinu. Gísli Brynjúlfsson leyfir sér að nota það í bréfi til Gríms Thomsens árið 1844, en hefur líklega fengið einhverja bakþanka, því hann setur orðið innan gæsalappa:

Á húsi því er „altan“. (Gísli Brynj., bls. 281)

Í tveimur dæmum Orðabókarinnar er *altan* karlkynsorð, en ekki hvorugkynsorð. Eldra dæmið eru úr bók Þorkels Jóhannessonar um Tryggva Gunnarsson. Í dagbókarfærslu frá 15. nóvember 1863 segir Tryggvi frá andláti Friðriks konungs og hvernig fregnin barst um Kaupmannahöfn:

Hall kom fram á altanen og hrópaði. (Þork. Jóh. I, bls. 248)

Tryggvi skrifar dagbókina í Kaupmannahöfn og er hér geinilega undir sterkum dönskum áhrifum, velur danska orðið *altan* og skrifar það upp á danskan máta, ekki með íslenskum greini. Sautján árum síðar, í marsmánuði 1880, skrifar hann þáverandi landshöfðingja bréf um þinghús Íslendinga, sem til stóð að reisa og gerir m.a. tillögur um ytri ásýnd hússins:

að krónan eða ríkismerkið væri á aðra hlið við altaninn, en hinu megin Fálki á bjargsniddu. (Bergst. Jónss. III, bls. 316)

Orðið *altan* hefur nú fengið íslenskan greini, en er ennþá í karlkyni. Hér að framan kom fram, að Benedikt Gröndal setur *altan* innan sviga til frekari útskýringar á því hvað hann á við með ‘drögur fyrir svalir’ í grein sinn „Reykjavík um aldamótin 1900“. Hann er að lýsa húsi Óla norska sem stóð á þeim árum í austurbæ Reykjavíkur, en smíði á svölunum var þá enn ekki að fullu lokið.

Það er ekki fyrir en í bréfi Matthíasar Jochumssonar til Hannesar Hafsteins árið 1917, sem orðið *altan* er notað hikstalaust án allra skýringa og nú með hvorugkynsgreini:

má ekki smíða henni léttan lyftistól, svo hún komist niður frá altaninu og ofan á blettinn. (Matth. Joch., bls. 177)

Þórbergur Þórðarson segir frá ferðalagi rottu upp á 4. hæð í *Sálminum um blómið*:

Hún hefur spássérað upp vegginn og komið inn um dyrnar á altaninu. (Þórb. Þórð., bls. 45)

Skömmu síðar í frásögninni kemur *altan* fyrir í samsetta orðinu *altandyr*, og enn eru það ævintýri og örlög fyrrnefndrar rottu, sem til umræðu eru:

... eða smogið inn um gluggann yfir altandyrnunum. (Þórb. Þórð., 45)

Svo kastaði sjondi Babb kvikindinu út um altandyrnar. (Þórb. Þórð., 49)

Orðið *altanskýli* kemur fyrir í auglýsingu í tímaritinu *Sveitarstjórnarmál* árið 1961:

Riflað plast með festingu fyrir altanskýli, nýkomið. (Sveitstjm., 1961, 3. hefti)

Með auglýsingatextanum fylgir mynd af fyrirbærinu, svo að engum ætti að dyljast hvað við er átt, né hversu ómissandi rifflað plast af þessu tagi er fyrir sérhvert altanskýli.

Yngsta dæmið um *altan* í ROH er úr skáldsögu Vésteins Lúðvíkssonar, *Eftirþankar Jóhönnu*, sem kom út 1975.

Neinei, [hún hafði] opnað út á altan. (Vést. Lúðv., bls 74)

Það er freistandi að velta fyrir sér hvers vegna orðið *altan* varð að láta í minni pokann fyrir *svölum* í íslensku, en náði yfirhöndinni í hinum norrænu málunum, dönsku, norsku, sænsku og færeysku. Hugsanlega var það vegna þess að orðið féll ekki sem best að íslensku beygingakerfi. Önnur og kannski veigameiri ástæða þess að *altan* er smám saman að hverfa úr íslensku eftir u.þ.b. 150 ára viðdöl, er hreitungustefnan. Engum blöðum er um það að fletta að orðið er tökuorð úr dönsku, og þar með „sletta“. Frá sjónarmiði hreitungumanna hlýtur norræna orðið *svalir* að hafa verið mun ákjósanlegra en danski bastardurinn *altan* sem illa gekk að finna samastað í íslensku beygingakerfi framan af og hljómaði alltaf eins og útlensk fordild. Málhreinsunarmenn hafa haft erindi sem erfiði, því að þeir eru orðnir fáir sem sitja á sólardögum úti á altani, þó að allar svalir séu fullar af sóldýrkendum.

Heimildaskrá

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ben. Grönd. = Benedikt Gröndal. 1951. *Ritsafn II*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Bergst. Jónss. = Bergsteinn Jónsson. 1955. *Tryggvi Gunnarsson III. Stjórnmalamaður*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Guðbr. bibl. = *Biblia. Þad Er / Øll Heilög Ritning / vtløgd a Norrænu. Med Formalum Doct. Martini. Lutheri*. 1584. Hólum.
- Biblía 1981 = *Biblían heilög ritning*. 1981. Ný útgáfa. Hið íslenska biblíufélag, Reykjavík.
- Björn Halldórsson. 1992. *Orðabók Íslensk-latnesk-dönsk*. Ný útgáfa. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Feilberg, H.F. 1886-1893. *Bidrag til en Ordbog over Jyske Almuesmål*. Thieles Bogtrykkeri. Kjøbenhavn.
- Duden Das große Wörterbuch der deutschen Sprache in sechs Bänden*. 1977. Dudenverlag, Mannheim / Wien / Zürich.
- Føroysk orðabók*. 1998. Føroya Fróðskaparfelag, Thórshavn.
- Gísli Brynj. = Gísli Brynjúlfsson. 1952. *Dagbók í Höfn*. Heimskringla, Reykjavík.
- Gunnlaugur Oddsson. 1991. *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. Ný útgáfa með íslenskri orðaskrá. Jón Hilmar Jónsson sá um útgáfuna ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Hellquist, Elof. 1966. *Svensk etymologisk ordbok*. Tredje upplagan. C.W.K. Gleerups Förlag, Lund.
- Íslensk orðabók*. 1983. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Kvennabl. = *Kvennablaðið*. 1914. 20. árg. Útgefandi Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

- Matth. Joch. = *Bréf Matthíasar Jochumssonar til Hannesar Hafsteins*. 1959. Kristján Albertsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Nynorskordboka. Definisjons- og rettskrivingsordbok*. 1986. Det Norske Samlaget, Oslo.
- Ordbog over det danske sprog. Supplement*. 1992. Gyldendal, København.
- Politikens Nudansk ordbog*. 1990. Politikens Forlag, København.
- ROH = ritmálssafn Orðabókar Háskólans.
- Sveitstjm. = *Sveitarstjórnarmál*. 1961. 3. hefti. Ritstjóri Jónas Guðmundsson. Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Svensk ordbok*. 1986. Esselte Studium AB, Uppsala.
- Tím. verk. = *Tímarit Verfræðingafjélags Íslands*. 1933. 18. árg.
- Vést. Lúðv. = Vésteinn Lúðvíksson. 1975. *Eftirþankar Jóhönnu*. Iðunn, Reykjavík.
- Þork. Jóh. = Þorkell Jóhannesson. 1955. *Tryggvi Gunnarsson I. Bóndi og timburmaður*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- ÞÞór = Þorlákur Þórarinsson. 1858. *Ljóðmæli*. Ný útgáfa, Reykjavík.
- Þórb. Þórð. = Þórbergur Þórðarson. 1954. *Sálmurinn um blómið I*. Helgafell, Reykjavík.